

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 17/2017.

Reykjavík, 14.12.2017

2017120213

Efni: Innköllun á Valdís ís - jarðarberja og ostaköku

Emmessís ehf hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, innkallað Valdís - jarðarberja og ostaköku vegna gruns um möguleika á kóligerlasmiti. Um er að ræða varúðarráðstöfun vegna misvísandi örverumælinga.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin einskorðast við:

Vöruheiti: Valdís ís - jarðarberja og ostaköku

Strikanúmer: 5690535170542

Best fyrir: 07 JUN 2019

Nettóþyngd: 500 ml

Framleiðandi: Emmessís, Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík

Framleiðsluland: Ísland

Dreifing: Verslanir um land allt

Viðskiptavinir sem keypt hafa vöruna eru beðnir um að skila henni inn til Emmessís ehf, Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík eða Njarðarnesi 10, 600 Akureyri, eða hafa samband við Emmessís ehf. í síma 520 4200 eða á netfangið sala@emmessis.is

